



Fjármála og efnahagsráðuneytið

Umsögn; Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu. Mál í Samráðsgátt S 119/2023

Þann 2. mars s.l. staðfesti innviðaráðherra Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði¹, þar er staðfest skipulagstillaga um samræmingu á nýtingu og verndun umhverfis á strandsvæðum Vestfjarða. Því er beint til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu að taka mið leiðarljósi og stefnu í málaflokkum skipulagsin, þar sem m.a. er lögð áhersla á að nýting og vernd strandsvæðis stuðli að viðnámsþrótti samfélaga og þeim gert kleyft að nýta tækifæri til slíkrar starfsemi og nýsköpunar. Í stefnu um innviði og orku er mörkuð stefna um að nýting verði í sátt við umhverfi og samfélag og tekið verði tillit til grenndarhagsmuna.

Í greinargerð strandsvæðaskipulag er hagnýting sjávarorku og vindorku til orkuvinnslu á strandsvæðum, tilgreindur sem áhugaverður kostur fyrir Vestfirði. Sérstaklega með það í huga að mikil framþróun og vöxtur hefur verið í notkun vindorku á hafi í nágrenni okkar á norðanverðu Atlantshafi. Telja verður fremur líklegt að slík þróun muni eiga sér stað við Ísland, áður en langt um líður. Þróun nýtingu sjávarorku er komin skemmra á rekspöl, en íslensk stjórnvöld þurfa að vera viðbúin að þar verði framþróun á næstu árum.

Uppbygging vindorku á hafi og sjávarorku krefst talsverðrar uppbyggingar og viðbúnaðar af hendi þeirra sveitarfélaga sem eiga mörk að sjó að slíkum virkjunum s.s. við skipulagsvinnu á landi m.a. vegna flutningskerfis raforku og svo tengdri innviða uppbyggingu m.a. hafnaraðstöðu á framkvæmdatíma og svo þjónustu. Það er því eðlilegt að nærliggjandi sveitarfélög hafi hlutdeild í skatt- eða auðlindatekjum af vindorku á hafi og sjávarorku bæði til að svara þeim kostnaði sem af starfseminni mun hljóta og ekki síður til hlutdeildar í þeim gæðum sem af starfseminni kann að hljóta.

Fyrirkomulag úthlutun skatttekna verður að vera einföld og gagnsæ. Fordast verður að horfa til núverandi fyrirkomulags á útteilingu auðlindagjalda af fiskeldi, en þar er beitt fyrirkomulagi samkeppnissjóðs með breytilegum áherslum á milli ára. Hér hefur þeim sveitarfélögum þar sem fiskeldi er stundað hefur þótt það ósanngjarnt að þurfa sækja sérstaklega um fjármagn til nefndar á vegum ríkisins til nauðsynlegra innviðauppbyggingar, í stað þess að geta gert eðlilegar langtíma áætlanir um uppbyggingu á grundvelli ákvarðana kjörinna fulltrúa.

Tekið er undir sjónarmið í umsögn Samtaka orkusveitarfélaga, varðandi hlutdeild í auðlindagjöldum til breikkunar á tekjugrunni til tryggingar á fjárhagslegri sjálfbærni, er eðlilegri grunnur til þess að byggja útteilingar á fjármagni af auðlindarnýtingu. Markmið sköttum og auðlindagjöldum af orkuframleiðslu verður að vera aukinn gæðasköpun á þeim svæðum sem orkan er unnin með styrkingu atvinnulífs og samfélaga.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér síðan rétt til að fjalla um framangreint mál á síðari stigum.

Ísafirði 8. september 2023. Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

¹ [Strandsvaedisskipulag-Vestfirdir-greinargerð-staðfest-m.-undirskrift.pdf \(hafskipulag.is\)](#)